

Reykjanesbær
> Gunnar K. Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 27. september 2023

Tílefni
Deiliskipulag Vogshól-Sjónarhóll
Beiðni um heimild til breytinga

Varðar: Heimild til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogshól – Sjónarhól í Reykjanesbæ

VSÓ Ráðgjöf óskar fyrir hönd, Algae Capital B.V., eftir heimild Reykjanesbæjar með tilvísun í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, til að vinna að breytingum á deiliskipulagi fyrir Vogshól – Sjónarhól á kostnað fyrirtækisins. Deiliskipulag fyrir Vogshól og Sjónarhól var staðfest í júní 2016. Algae Capital kynnti fyrir Umhverfis- og skipulagsráði, 1. september sl., áform sem fyrirtækið hefur til uppbyggingar við Vogshól.


Helstu forsendur breytinga á deiliskipulagi eru:

- Þörf á að sameina eða heimila sameiningar lóða 2, 4, 6 og 8 við Vogshól. Sameining tekur til hluta eða allra lóðanna í samræmi við áfangaskiptingu uppbyggingar. Áform eru um byggingu gróðurhúsa á lóðunum.
- Áform um að stækka deiliskipulagssvæðið til vesturs, í framhaldi af lóð Vogshól 2. Ný lóð mun hýsa skrifstofur og aðra stoðþjónustu fyrir gróðurhúsin.
- Skoða þörf á breytingum á byggingarheimildum á svæðinu og/eða einstökum lóðum.
- Að skipuleggja nauðsynlega innviði sem þarf og skilgreina skilmála sem skuli gilda fyrir starfsemina, s.s. varðandi birtu, hávaða frá starfsemi, og form og hæðir bygginga.

VSÓ Ráðgjöf mun vinna að breytingu á deiliskipulaginu í samvinnu við skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar og tryggja að samráð verði haft við alla helstu hagaðila og umsagnaraðila svæðisins.

Veiti Reykjanesbær heimild mun deiliskipulagsvinna hefjast strax. VSÓ telur ekki þörf á að vinna skipulagslýsingu, þar sem áform Algae Capital falla vel að stefnu fyrir athafnasvæði AT12 í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllt, f.h. Algae Capital B.V.



Stefán Gunnar Thors
VSÓ Ráðgjöf